

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna Réttarholts A.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 30. ágúst 2017 breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 sem samþykkt var í sveitarstjórn 1. ágúst 2017.

Í breytingunni felst að 4 ha af spildu sem er skilgreind sem landbúnaðarland austan við þéttbýlið Árnes er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu. Fyrirhugað er að byggja gístaðstöðu fyrir allt að 30 manns í litlum einlyftum húsum og þjónustuhús vegna hestaferða.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 30. ágúst 2017.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 14. september 2017